

## Almannaheill

### Þriðja leiðin að velferð

RITARI ÁGRIPS: Ketill Berg Magnússon

ÞÁTTTAKENDUR Í PANEL: Eygló Harðardóttir, velferða- og húsnæðismálaráðherra, Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík og Ragnheiður Ríkharðsdóttir, nefndarmaður í velferðarnefnd alþingis

ÁGRIP AF UMRÆÐU: Þátttakendur voru spurðir hvert þeir telja hlutverk almannaheillafélaga við velferðarsköpun í framtíðinni vera. Allir töldu hlutverkið hafa verið mikilvægt hingað til og telja að það verði áfram mjög mikilvægt. Þeir nefndu fjölmörg dæmi þar um, t.d. byggingu spítala, björgunarsveitir og fleira. Nýlegar hugmyndir um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu hafa kallað fram fremur tvíþolaða umræðu um val á milli einkareksturs eða opinbers reksturs. Hér ræðum við þriðju leiðina, um hlutverk almannaheillasamtaka, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, við sköpun velferðar. Þátttakendur nefndu að þriðja leiðin sé mikilvæg því félagasamtök geti oft leyst verkefni að meiri innsæi og af meiri sveigjanleika en opinberir aðilar eða einkafyrirtæki oft á tíðum er það vegna þess að þar starfar fólk sem hefur reynslu eða þekkingu.

Rætt var um reynslu annarra þjóða, s.s. Svía af rekstri einkarekins skólakerfis. Á endanum er það sveitafélagið (eða viðkomandi yfirvald) sem ber ábyrgð á því að veita þjónustuna og ef einkaskólinn fer á hausinn þá þarf sveitafélagið að grípa inní. Einnig var rætt um kosti þess að til séu húsnæðisfélög sem rekin eru af notendum og ekki í hagnaðarskyni. Nú, á sumarþingi, hefur viðskiptaráðherra lagt fram frumvarp til heildarlaga um almannaheillafélög, sem unnið hefur verið að síðan 2008. Þar eru skýrð réttindi og skyldur almannaheillasamtaka. Hvaða skoðun hafið þið á þessu frumvarpi? Þingmaðurinn og ráðherra sögðust myndu styðja frumvarpið og borgarstjóri taldi það mikilvægt.

Mikilvægt þykir að skapa skýran ramma utan um starfsemina. Einnig að gerðir séu lengri þjónustusamningar sem tryggja gæði þjónustu og rekstrargrunn félaganna lengra fram í tímann. Fram kom að ræða þurfi um almannaheillasamtök með ólíkum þætti því þau eru ólík. Sjálfboðaliðasamtök eru öðru vísi en stéttafélög, lífeyrissjóðir eða sjálfseignastofnanir sem þó geta öll verið rekin án hagnaðarsjónarmiða. Spurt var hvort hvort hið opinbera ætti að koma á laggirnar umboðsstofu fyrir sjálfbóaliða sem vilja leggja góðum málum lið. Pallborðsþátttakendur voru ekki á þeirri skoðun að hið opinbera ætti að koma slíku á eða reka það. Bent var á að Fundur fólksins sé ágætur vettvantur fyrir sjálfboðaliða til að kynna sér starfsemi ólíkra félagasamtaka.